

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Hveragerðisbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Hveragerðisbær annast þau verkefni sem honum eru falin í lögum, sbr. leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Hveragerðisbær vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Hveragerðisbær er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hans, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga og að ráða löggiltan endur- skoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan bæjarins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur og setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhags- áætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr.

sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.
11. Setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
12. Móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfaramandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af kosningalögum. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta bæjarstjórnar.

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta og varaforseta til eins árs í senn.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu. Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn.

Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa varaforseta til að gegna störfum forseta í forföllum hans. Kosning hans fer fram með sama hætti og oddvita.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti bæjarstjórnar deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa nýjan forseta bæjarstjórnar í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi sínum ákveða reglulega fundardaga og fundartíma bæjarstjórnar fyrir kjörtímabilið og birta á vefsíðu sveitarfélagsins.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að tiltekinn reglulegur fundur eða aukafundur skuli fara fram á

öðrum fundarstað í sveitarfélaginu, á öðrum degi eða öðrum fundartíma en áður hefur verið ákveðið og skal slíkt tilkynnt á vefsíðu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótaskvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri boðar fundi í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Fundarboð skal berast bæjarfulltrúum ekki síðar en þremur virkum dögum fyrir fund.

Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til bæjarfulltrúa, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti og fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins. Heimilt er að boða fundi bæjarráðs og fastanefnda rafrænt með sama hætti og boðun funda bæjarstjórnar.

Aukafund skal boða ekki síðar en þremur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en tveimur virkum dögum fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjar- stjóra með rafrænum hætti fjórum virkum dögum fyrir fund. Í beiðninni skal tilgreina efnisatriði málsins og eftir atvikum hvaða gögn skuli fylgja, til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins eða á annan sannanlegan hátt um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar.

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundarþúnaður

Bæjarfulltrúum og nefndarmönnum er heimilt að taka þátt í fundi bæjarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins með fjarfundarþúnaði, sbr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Þegar aðili tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann annaðhvort vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess.

Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna. Að öðru leyti fer um framkvæmd fjarfunda samkvæmt leiðbeiningum frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Ritun fundargerða og fundarsköp.

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluðla.

Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samkvæmt leiðbeiningum frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

1. *Fundarstjórn.* Forseti stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.
2. *Vald forseta.* Skylt er bæjarstjórnarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsllum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á sveitarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.
3. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

4. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
5. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarstjórnarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.
Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
6. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni.
Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.
Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.
7. *Hve oft má tala.* Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
8. *Ræðutími.* Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á til- teknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.
9. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
10. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
11. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handa-uppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótaskvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.
Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.
12. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.
Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að tveimur liðum til hliðar, eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleið-ingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarstjórnarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins. Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í bæjarstjórn.

Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til bæjarstjórnar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum framboðslista hafa komið sér saman um, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa.

Bæjarstjórnarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarstjórnarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundar- sköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Beiðni um slíkt skal beint skriflega til skrifstofu sveitarfélagsins. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur eða gögn afhent innan 5 virkra daga frá móttöku beiðninnar. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsinga- rétti almennings, varða viðkvæma persónuhagi einstaklinga eða viðkvæma virka viðskiptahagsmuni eða eru óvenju viðamikil, er bærarstjóra heimilt að bjóða bærarfulltrúa að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins.

Ef beiðni bærarfulltrúa varðar viðkvæma persónuhagi einstaklings eða viðkvæma virka viðskiptahagsmuni sem ekki er til umfjöllunar í bærarstjórn, er bærarstjóra heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

Sé bærarfulltrúi ósammála niðurstöðu bærarstjóra er hægt að skjóta ákvörðun hans til bæjarráðs sem tekur þá ákvörðun um hvort veita skuli aðgang að gögnum og hvernig aðgengi skuli háttað.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Bærarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bærarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji bærarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bærarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bærarstjórn að hún létti af honum störfum eða veiti honum lausn úr bærarstjórn um tiltekinn fyrirframákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Begar bærarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má bærarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bærarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bærarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bærarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi bærarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bærarstjórn. Ef bærarfulltrúi missir fjárforræði skal bærarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Begar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bærarstjórn má boða varamann hans til með- ferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bærarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bærarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Begar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bærarstjórn á þeim fundi.

Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er, boðar sjálfur varamann sinn og upplýsir fundarboðanda um hvaða varamaður var boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Begar fyrrséð er að aðalmaður í bærarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bærarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Begar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Begar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bærarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bærarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Bærarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í bærarstjórn. Takist bærar- fulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bærarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu

hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

Bæjarráð.

27. gr.

Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til árs í senn. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðal- menn í bæjarráð. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í bæjarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna. Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði. Bæjarstjórn ákveður fundartíma bæjarráðs í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

29. gr.

Boðun funda bæjarráðs.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll, boðar sjálfur varamann sinn og upplýsir bæjarstjóra um hvaða varamaður var boðaður.

30. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarráðs skal tilkynna það bæjarstjóra og formanni bæjarráðs með rafrænum hætti a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund. Í beiðninni skal tilgreina efnisatriði málsins og eftir atvikum hvaða gögn skuli fylgja, til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Flokkur eða framboðsaðili sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðs- mann á rétt á að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu uppfylla kjörgengisreglur 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

32. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Meðal verkefna bæjarráðs er:

- a. að fara, ásamt bæjarstjóra, með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin,
- b. að hafa eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess,
- c. að semja drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggja þau fyrir bæjarstjórn,
- d. að sjá um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu,
- e. að hafa með höndum jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020,
- f. að fara með samskipti og samningagerð við íþróttafélög vegna afreksíþróttar,
- g. að fara með önnur verkefni sem bæjarstjórn felur því.

33. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarafgreiðslu.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fullnaðarákvörðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem bæjarráð hefur afgreitt skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi, hefur bæjarráð sömu heimildir og bæjarstjórn, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við bæjarstjóra um ákvörðunina og ef lög eða eðli máls mæla ekki gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í bæjarráði telst málið ekki til lykta leitt fyrr en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjar- stjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjar- stjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á

hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

Erindisbréf.

Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.

37. gr.

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er bæjarstjórn heimilt að fela nefndum/ráðum og stjórnnum sem taldar eru upp í 48. gr. þessarar samþykktar, að afgreiða, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Begar sveitarstjórn nýtir heimild skv. 1. mgr. til framsals á valdi til töku fullnaðarákvörðunar skal slíkt koma fram í samþykktum þessum eða í viðauka með samþykkt þessari. Þá skal framsal valds einnig tilgreint í erindisbréfum nefnda, ráða, stjórna og samþykktum byggðasamlaga, sbr. 63. gr. samþykktar þessarar.

Priðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr., getur farið fram á að bæjarstjórn taki ákvörðun í máli nema kveðið sé sérstaklega á um annað.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið á grundvelli heimildar í 1. mgr. sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls skal leggja það fyrir bæjarráð til endanlegrar afgreiðslu nema sérstaklega sé kveðið á um annað. Um endurupptöku fer skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

38. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

39. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi að lög eða eðli máls hamli því ekki.

Nefndum er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótakvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamla því ekki.

Hver kjörinn fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar nefndar, enda skilar hann efni þess til formanns og starfsmanns nefndarinnar a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarboð skal berast fulltrúum í nefndum og öðrum sem seturétt hafa á fundum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda að öðru leyti ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

40. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu skrá fundargerðir með rafrænum hætti í fundarkerfi sveitarfélagsins. Yfirmenn á viðkomandi sviði rita að jafnaði fundargerðir ráða og nefnda en ráð eða nefnd

getur ráðið sér sérstakan fundarritara úr starfsmannahópi sveitarfélagsins. Starfsmenn sveitar- félagsins sitja einstaka dagskrárliði þegar eftir því er leitað samkvæmt eðli máls og skal boðun starfs- manna koma fram í dagskrá fundarboðs.

Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðal- maður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

42. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

43. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.

Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

44. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en nær ekki kjöri í fastanefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi

skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

45. gr.

Þóknun.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

46. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

47. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnar innar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

48. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs:

Bæjarráð. Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðal- menn og þrjá til vara í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Kveðið er á um verkefni bæjarráðs í 32. gr. samþykktar þessarar.

B. Til fjögurra ára. Bæjarstjórn kýs í eftirfarandi ráð og nefndir sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs ráðunum formann og varaformann.

1. *Yfirkjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Yfirkjörstjórn fer með umsjón með kosningum í sveitarfélaginu og er hlutverki hennar nánar lýst í kosningalögum nr. 112/2021. Þá getur bæjarstjórn kosið þrjá menn og þrjá til vara í undirkjörstjórn. Heimilt er að kjósa hana síðar.

2. *Velferðar- og fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni á sviði fræðslu-, félagsþjónustu-, frístunda- og forvarnamála á grundvelli laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um grunnskóla nr. 91/2008, laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, og æskulýðslaga nr. 70/2007.

Nefndin starfar skv. erindisbréfi sem henni er sett.

3. *Skólanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn tilnefnir fimm aðal- og vara- menn. Grunnskólinn í Hveragerði og leikskólarnir í Hveragerði eru reknir í samstarfi Hvera- gerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt samningi frá 24. júní 2015. Sveitarfélagið Ölfus tilnefnir því tvo fulltrúa í nefndina og tvo til vara. Nefndin annast þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni á sviði skólamála á grundvelli laga um leikskóla nr. 90/2008 og laga um grunnskóla nr. 91/2008. Nefndin fer með verkefni skólanefndar, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, og verkefni leikskólastjórnar skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

4. *Menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni á sviði atvinnu-, ferðaþjónustu-, markaðs- og kynningarmála sveitarfélagsins á grundvelli bókasafnalaga nr. 150/2012.
Nefndin fer einnig með verkefni bókasafnsstjórnar skv. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012.
Nefndin fer með íþróttamál á grundvelli íþróttalaga nr. 64/1998.
Nefndin starfar skv. erindisbréfi sem henni er sett.
 5. *Skipulags- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni á sviði skipulags- og umhverfismála á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010, laga um mannvirki nr. 160/2010, laga um loftslagsmál nr. 70/2012, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, laga um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 60/1994, laga um náttúruvernd nr. 60/2013, laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, laga um menningarminjar nr. 80/2012, laga um örnefni nr. 22/2015, laga um landgræðslu nr. 155/2018, umferðarlaga nr. 77/2019 og laga um brunavarnir nr. 75/2000.
Nefndin fer með verkefni skipulagsnefndar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
Nefndin starfar skv. erindisbréfi sem henni er sett.
 6. *Nefnd um Eignasjóð*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni og varðar fasteignir, götur og aðra fasta fjármuni Hveragerðisbæjar á grundvelli laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, vatnalaga nr. 15/1923, laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum nr. 53/1995, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, vegalaga nr. 80/2007, orkulaga nr. 58/1967 og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.
Nefnd um Eignasjóð fer jafnframt með yfirstjórn verkefna áhaldahúss.
Öryrkjabandalagið tilnefnir fulltrúa fatlaðs fólks sem hefur rétt til setu á fundum nefndar um Eignasjóð með málfrelsi og tillögurétt þegar mál sem varða fatlað fólk er til umræðu. Rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt hefur fulltrúi fatlaðs fólks sem fylgir eftir ferlimálum í nefndinni.
Nefndin starfar skv. erindisbréfi sem henni er sett.
- C. **Önnur ráð og stjórnir.** Bæjarstjórn kys í eftirfarandi lögbundin notendaráð á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
1. *Ungmennaráð*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Ungmennaráð er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu skv. 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Ráðið starfar skv. erindisbréfi sem því er sett.
 2. *Öldungaráð*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn tilnefnir þrjá aðal- og vara- menn, Félag eldri borgara í Hveragerði tilnefnir þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara og Heilsugæslan í Hveragerði einn aðalmann og einn til vara, sbr. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Öldungaráð er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni er varða þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Ráðið starfar skv. erindisbréfi sem því er sett.
 3. *Samráðshópur og málefni fatlaðs fólks*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu þrír aðalmenn og varamenn vera fulltrúar bæjarstjórnar og þrír aðalmenn og varamenn tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaganna. Samráðshópurinn fjallar um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar skv. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991. Samráðshópurinn starfar skv. erindisbréfi sem honum er sett.
- D. **Stjórnir og samstarfsráð.** Bæjarstjórn kys í eftirfarandi stjórnir og samstarfsráð sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar:
1. *Héraðsnefnd Árnesinga bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn byggðasamlagsins samkvæmt samþykktum þess. Byggðasamlagið fer með þau verkefni sem kveðið er á um í samþykktum byggðasamlagsins.
 2. *Brunavarnir Árnessýslu bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn byggðasamlagsins samkvæmt samþykktum þess. Byggðasamlagið fer með þau verkefni sem sveitarfélaginu eru falin skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000, og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og sem kveðið er á um í samþykktum

byggðasamlagsins, sbr. auglýsingu nr. 122/2025.

3. *Tónlistarskóli Árnesinga bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn byggðasamlagsins samkvæmt samþykktum þess. Byggðasamlagið fer með rekstur tónlistarskóla í Árnessýslu og starfar eftir gildandi lögum um starfsemi tónlistarskóla og samþykktum byggðasamlagsins, sbr. auglýsingu nr. 121/2025.

4. *Héraðsskjalasafn Árnesinga bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn byggðasamlagsins samkvæmt samþykktum þess. Byggðasamlagið er opinbert skjalasafn og um starfsemi þess gilda ákvæði laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2017 og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna. Byggðasamlagið sinnir söfnun, innheimtu og varðveislu skjala og annarra gagna í samræmi við ákvæði laga og samþykktir byggðasamlagsins.

5. *Byggðasafn Árnesinga bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn byggðasamlagsins samkvæmt samþykktum þess. Byggðasamlagið starfrækir byggðasafn og fer með önnur verkefni samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

6. *Listasafn Árnesinga bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn byggðasamlagsins samkvæmt samþykktum þess. Byggðasamlagið starfrækir listasafn og fer með önnur verkefni samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

7. *Bergrisinn bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins. Byggðasamlagið fer með þau verkefni sem sveitarfélaginu eru falin samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, sbr. auglýsingu nr. 560/2023.

8. *Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins. Byggðasamlagið fer með þau verkefni sem kveðið er á um í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykktum byggðasamlagsins.

9. *Sorpstöð Suðurlands bs.* Bæjarstjórn skipar í stjórn samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins. Byggðasamlagið fer með þau verkefni sem kveðið er á um í samþykktum byggðasamlagsins á sviði úrgangsmála.

10. *Umdæmisráð barnaverndar.* Hveragerðisbær stendur sameiginlega að umdæmisráði barnaverndar ásamt öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni, í samræmi við 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum, en bæjarstjórn skipar í ráðið skv. samningi um umdæmisráð barnaverndar.

11. *Barnaverndarþjónusta Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.* Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu milli Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss, sbr. auglýsingu nr. 885/2024, fer Hveragerðisbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ekki eru falin öðrum.

E. Tilnefningar og kosningar.

Fulltrúar eru kosnir á ársþing og ársfundi stofnana sem sveitarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og/eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár:

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og varafulltrúa í samræmi við samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga.
2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og varafulltrúa í fulltrúaráð í samræmi við samþykktir Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.
3. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og varafulltrúa í samræmi við samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands.
4. *Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og varafulltrúa í samræmi við samþykkt fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
5. *Aðalfundur Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og varafulltrúa í samræmi við samþykktir SASS.
6. *Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og varafulltrúa í samræmi við samþykktir Eignarhaldsfélags Suðurlands.

F. Verkefnabundnar nefndir.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda stendur til loka kjörtímabils eða þar til verkefni hennar er lokið. Bæjarstjórn getur þó

afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

49. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Heiti framkvæmdastjóra sveitarfélagsins skal vera bæjarstjóri.

50. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnssýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykkibæjarstjórnar þarf til.

51. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjóri í samráði við bæjarráð, ræður starfsmenn sem heyra beint undir bæjarstjóra samkvæmt samþykktu skipuriti og veitir þeim lausn frá starfi.

52. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Yfirmenn ráða starfsmenn sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna, og veita þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

53. gr.

Framsal bæjarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Starfsmaður sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur ávallt farið fram á það að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd taki ákvörðun í máli.

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar skv. 1. mgr. skal í viðauka skilgreint um hvaða verkefni er að ræða sem og hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt ofangreindu og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli hennar. Þessi heimild hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélagsins til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélagsins og teljast leiða af stöðuumboði þeirra.

Bæjarstjórn felur móttökuráði fræðsluþjónustu sbr. viðauka II við samþykkt þessa að fjalla um og afgreiða umsóknir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags í samræmi við reglur þar að lútandi sem

samþykktar hafa verið af bæjarstjórn. Ef afgreiðslur ráðsins fela í sér fjárútlát umfram viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga eða umfram þegar veittar fjárheimildir til skólavistar utan lögheimilissveitarfélags í samþykktri fjárhagsáætlun skulu þær lagðar fyrir bæjarráð til samþykktar. Afgreiðsla bæjarráðs skal lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar og skal þar samhliða taka fyrir viðauka við fjárhagsáætlun rúmist fjárútlátin ekki innan heimilda fjárhagsáætlunar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls skv. 1. mgr. eða 2. mgr. til bæjarráðs.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

54. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Hveragerðisbæjar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirætlum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

55. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Hveragerðisbæjar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

56. gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

57. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitar- sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

58. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um

fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhags- áætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

59. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

60. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

61. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

62. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.

63. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna ef skilyrði 93. gr. sveitarstjórnarlaga eru uppfyllt. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og sérlægum sem við eiga.

64. gr.

Samningar við einkaaðila.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar reglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

X. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

65. gr.

Borgarafundur, íbúafundur, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúafundur og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla, og 133. gr. sveitarstjórnarlaga, ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 108. gr.

66. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

67. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar, nr. 693/2013, með síðari breytingum.

Samþykkt nr. 923/2023 – útgáfudagur í B-deild Stjórnartíðinda 8. september 2023.

Breyting nr. 954/2024 - útgáfudagur í B-deild Stjórnartíðinda 22. ágúst 2024.

Breyting nr. 34/2025 - útgáfudagur í B-deild Stjórnartíðinda 20. janúar 2025.

VIÐAUKI I

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Hveragerðisbæjar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Deildarstjóri velferðarþjónustu fer með fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (bvl.) og ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum, þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. bvl. Deildarstjóri velferðarþjónustu tilnefnir staðgengil sinn sem hefur þá sömu heimildir í fjarveru hans eða vegna vanhæfis hans.

Deildarstjóri velferðarþjónustu hefur endanlegt ákvörðunarvald í eftirfarandi verkefnum er falla

undir bvl., án staðfestingar bæjarstjórnar:

- a) að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
- b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
- c) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- d) taka ákvörðun um hvort loka eigi máli, sbr. 23. gr.
- e) veita aðstoð, sbr. a-e lið 1. mgr. 24. gr.
- f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.
- g) taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla bvl. til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.
- h) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e lið 1. mgr. 26. gr.
- i) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a og b-lið 1. mgr. 27. gr.
- j) gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
- k) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- l) gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
- m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
- n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
- o) áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.
- p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
- q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.
- r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
- s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
- t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir.
- u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XII. kafli.
- v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.
- w) gera tillögur um umgengni barns í fóstri eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
- x) hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, sbr. a og b-lið 84. gr.
- y) hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.
- z) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.
- aa) tilnefning málstjóra, sbr. 20. gr. laga nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga nr. 130/1999, um ættleiðingar.

2. gr.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er bæjarstjórn, velferðar- og fræðslunefnd sem og öðrum nefndum, ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er bæjarstjórn, velferðar- og fræðslunefnd Hveragerðisbæjar og öðrum nefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

3. gr.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu barnaverndarþjónustu Hveragerðisbæjar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá bæjarritara með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. og 33. gr. samþykktar um stjórn og fundarskög Hveragerðisbæjar. Telji bæjarritari að skilyrði endurupptöku séu

fyrir hendi skal barnaverndarþjónusta Hveragerðisbæjar taka málið upp að nýju.

Sé bæjarritari vanhæfur til að taka ákvörðun um endurupptöku máls, og staðgengill ekki til staðar, skal hann gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda máli í réttu horfi.

4. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. bvl. og lög nr. 85/2015, um úrskurðarnefnd velferðarmála, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.

VIÐAUKI II

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá móttökuráði fræðsluþjónustu Hveragerðisbæjar.

1. gr.

Móttökuráð fræðsluþjónustu fer með fullnaðarafgreiðslu umsókna um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Um afgreiðslu umsókna um skólavist utan lögheimilissveitarfélags fer samkvæmt reglum Hveragerðisbæjar um skólavist utan lögheimilissveitarfélags sem samþykktar hafa verið af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar.

Ef samþykki umsóknar hefur í för með sér að útgjöld eru umfram heimildir í fjárhagsáætlun innan málaflokksins ber móttökuráði að senda umsóknina ásamt fylgigögnum og umsögn ráðsins til afgreiðslu bæjarráðs sbr. 5. mgr. 53. gr. samþykktarinnar.

2. gr.

Móttökuráð fræðsluþjónustu er skipað sérfræðingum fræðsluþjónustu og skólastofnunum Hveragerðisbæjar. Ráðið skal ávallt skipað deildarstjóra fræðsluþjónustu og öðrum sérfræðingum í stuðnings- og stoðþjónustu eftir þörfum og eðli máls.

3. gr.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til afgreiðslu bæjarráðs og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

4. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um kærurétt sinn skv. 47. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 eða 30. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir atvikum.

VIÐAUKI III

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Bergrisanum bs.

1. gr.

Bergrisinn bs. er byggðasamlag nokkurra sveitarfélaga á Suðurlandi og er stofnað samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á starfssvæðum aðildarsveitarfélaganna, í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og samþykktir byggðasamlagsins, sbr. auglýsingu nr. 560/2023.

Stjórn Bergrisans bs. hefur heimild, án staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar, til þess að taka fullnaðarákvarðanir í öllum málum er varða skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu.

Stjórn Bergrisans bs. getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarstjórnar og er skylt að vísa þeim til bæjarstjórnar sé þess óskað af minnst þriðjungi fulltrúa í stjórninni.

2. gr.

Fundargerðir stjórnarfundar Bergrisans bs. skulu sendar Hveragerðisbæ þegar stjórnarfundum er lokið

og skal hver fundargerð lögð fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu stjórnar Bergrisans bs. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls hjá stjórn byggðasamlagsins með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji stjórn byggðasamlagsins að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal stjórn byggðasamlagsins taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um kæruleiðir og kærufresti eftir því sem við á.

VIÐAUKI IV.

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Brunavörnum Árnessýslu bs.

1. gr.

Brunavarnir Árnessýslu bs. er byggðasamlag nokkurra sveitarfélaga á Suðurlandi og er stofnað samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu þau verkefni sem sveitarfélögunum eru falin skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og önnur verkefni sem kveðið er á um í samþykktum byggðasamlagsins, sbr. auglýsingu nr. 122/2025, á starfssvæðum aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn Brunavarna Árnessýslu bs. hefur heimild, án staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar, til þess að taka fullnaðarákvarðanir í öllum málum er varða skipulag og framkvæmd allra verkefna byggðasamlagsins.

Stjórn Brunavarna Árnessýslu bs. getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarstjórnar og er skylt að vísa þeim til bæjarstjórnar sé þess óskað af minnst þriðjungi fulltrúa í stjórninni.

2. gr.

Fundargerðir stjórnarfundar Brunavarna Árnessýslu bs. skulu sendar Hveragerðisbæ þegar stjórnarfundum er lokið og skal hver fundargerð lögð fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu stjórnar Brunavarna Árnessýslu bs. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls hjá stjórn byggðasamlagsins með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji stjórn byggðasamlagsins að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal stjórn byggðasamlagsins taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um kæruleiðir og kærufresti eftir því sem við á.